

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 95/2022

2022/EES/61/07

frá 29. apríl 2022

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808 frá 22. mars 2021 um nothæfi greiningaraðferða fyrir leifar af lyfjafræðilega virkum efnum sem eru notuð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis og um túlkun niðurstaðna, sem og um aðferðir sem skal nota við sýnatöku, og um niðurfellingu á ákvörðunum 2002/657/EB og 98/179/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/810 frá 20. maí 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2021/808 að því er varðar umbreytingarákvæði fyrir tiltekin efni sem eru skráð í II. viðauka við ákvörðun 2002/657/EB <sup>(2)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjútíð. ESB L 186, 27.5.2021, bls. 33.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/808 fellir úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 98/179/EB <sup>(3)</sup> og 2002/657/EB <sup>(4)</sup> sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á hluta 7.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta 14. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/179/EB):

„**32021 R 0808:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808 frá 22. mars 2021 um nothæfi greiningaraðferða fyrir leifar af lyfjafræðilega virkum efnum sem eru notuð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis og um túlkun niðurstaðna, sem og um aðferðir sem skal nota við sýnatöku, og um niðurfellingu á ákvörðunum 2002/657/EB og 98/179/EB (Stjútíð. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 84), breytt með:

- **32021 R 0810:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/810 frá 20. maí 2021 (Stjútíð. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 112), leiðrétt í Stjútíð. ESB L 186, 27.5.2021, bls. 33.“

2. Texti 19. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/657/EB) fellur brott.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 84.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. ESB L 180, 21.5.2021, bls. 112.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB L 65, 5.3.1998, bls. 31.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. ESB L 221, 17.8.2002, bls. 8.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/808 og (ESB) 2021/810, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 186, 27.5.2021, bls. 33, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.